



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health



Geðlæknafélag  
Íslands

## FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni nr 41/2007, 6. grein

### Sjálfstætt starfandi geðlæknar

<b>Flokkur heilbrigðisþjónustu</b>	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna
<b>Tegund þjónustu</b>	<b>Geðlækningar.</b> Sjálfstætt starfandi geðlæknar sinna sjúkdómsgreiningum í samræmi við ICD-10 og eftir atvikum öðrum greiningarkerfum (t.d. DSM-5). Þeir skipuleggja og veita viðeigandi meðferð í samræmi við greiningu og fylgja henni eftir, eins og viðeigandi er, eftir atvikum í samráði við aðra heilbrigðisstarfsmenn. Þeir veita einnig ráðgjöf, fræðslu, handleiðslu fyrir einstaklinga, fagfólk og hópa. Þeir starfa á eigin stofum eða veita þjónustu í fyrirtækjum og stofnunum.
<b>Samskipti við sjúklinga</b>	Geðlæknar starfa samkvæmt siðareglum lækna, lögum um heilbrigðisstarfamenn nr. 34/2012, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi nr. 1222/2012 eftir því sem við á. Geðlæknar sýna notendum þjónustu þeirra virðingu og trúnað og upplýsa þá um réttindi þeirra og gæta þagnarskyldu.
<b>Skráning</b>	Geðlæknar skulu færa sjúkraskrá samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009, lágmarkskröfum landlæknis, 13. gr. reglugerðar nr. 1222/2012 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og fylgja öðrum lögum og reglugerðum um persónugreinanlegar upplýsingar. Æskilegt er að sjúkraskrá sé færð á rafrænu formi. Rafræn skráning skal vera skilgreind og lýsing á ferlinu um hvernig aðgangsstýringu er háttáð, afritun og varðveisla gagna skal liggja fyrir. Varðveisla sjúkragagna, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappírformi, og eyðing þeirra skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis.

<b>Símenntun</b>	Geðlækni ber að viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.
<b>Mönnun</b>	Geðlækni er frjálst að ráða til sín starfsfólk til aðstoðar. Læknir ber ábyrgð á því að aðstoðarmenn og nemar sem starfa undir hans stjórn hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsögn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim (reglugerð 1222/2012, 14 gr).Skal starfsfólk hlíta sömu kröfum um umgengni við notendur þjónustunnar og geðlæknar gera og gæta þagmælsku.
<b>Húsnæði</b>	Geðlæknar skulu hafa aðgang að góðri aðstöðu fyrir viðtöl við notendur þjónustunnar sem uppfyllir skilyrði um trúnað. Biðstofa skal vera fyrir hendi. Einnig er skylt að hafa salernisaðstöðu. Æskilegt er að aðgengi fyrir fatlaða sé tryggt.
<b>Búnaður og tækjakostur</b>	Geðlæknir skal hafa skrifborðsaðstöðu, síma, tölvubúnað og aðstöðu fyrir notendur þjónustunnar og aðstandendur. Einnig þarf að vera fyrir hendi læst geymsla fyrir sjúkraskrárgögn og önnur gögn með persónulegum upplýsingum. Ef notuð er tölva til skráningar og bókhalds skal vinnslusvæði vera varið gagnvart óviðkomandi.
<b>Gæðavísar</b>	Æskilegt er að sjálfstætt starfandi geðlæknar leggi reglulegt mat á gæði þjónustunnar sem þeir veita, t.d. með þjónustukönnunum eða notkun á öðrum gæðavísam. Embætti landlæknis mun vinna með geðlæknum að því að velja gæðavísa sem endurspeglar helstu áherslur í þjónustunni.
<b>Gildistími</b>	Þessar faglegu lágmarkskröfur gilda frá undirskrift landlæknis og verða endurskoðaðar ef forsendur breytast skv. mati landlæknis eða geðlækna.

<b>Útgefið</b>	<i>Staður</i> Reykjavík	<i>Dags.</i> 4. júní 2014
<i>Undirskrift landlæknis</i>	<b>Geir Gunnlaugsson</b>	<i>Undirskrift fh.:</i> <i>Geðlæknafélags Íslands</i> <b>Þórgunnur Ársælsdóttir</b>

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Embættis landlæknis.*